

# Enginn veit hvað átt hefur

Eftir Gunnar Baldvinsson

Íslenska lífeyri iskerfið er einstakt. Kostir þess eru að hver kynslóð greiðir fyrir sig og safnar upp sjóði til að greiða lífeyri og skatta. Svona lífeyriskerfi vilja allar þjóðir hafa en það er ekki auðvelt af því það tekur langan tíma að byggja það upp. Lífeyrissjóðir



Gunnar Baldvinsson

greiða ellilífeyri til æviloka og áfallalífeyri (örorku-, maka- og barnalífeyri). Á árinu 2009 er áætlað að sjóðirnir hafi greitt samtals um 88 milljarða í lífeyri og þar af hafi um 26 milljarðar skilað sér til ríkissjóðs í formi tekjuskatts. Lífeyrissjóðirnir eru uppstáðan í eftirlaunum landsmanna. Árið 2009 greiddu þeir samtals um 46 milljarða í eftirlaun (ellilífeyrir og úttekt úr séreignarsjóðum vegna aldurs) en áætlað er að Tryggingastofnun ríkisins hafi greitt um 25 milljarða á sama tíma. Hlutfall lífeyrissjóðanna var því 65% af eftirlaunagreiðslum.

Mannfjöldaspár gera ráð fyrir að á næstu tveimur áratugum muni fólki á eftirlaunaaldri fjölga verulega. Til dæmis er því spáð að hlutfall 65 ára og eldri af fólki á vinnualdri (15-64 ára) hækki úr 18% í 32% á næstu 20 árum. Hlutfall lífeyrissjóðanna í eftirlaunagreiðslum mun vaxa á næstu áratugum með auknum fjölda lífeyrisþega en einnig vegna þess að á næstu árum munu kynslóðir, sem hafa greitt í lífeyrissjóð alla starfsævina, hefja töku lífeyris. Ár-

íð 2014 verða liðin 40 ár frá því skylduaðild að lífeyrissjóðum var lögfest.

Þessar tölur staðfesta mikilvægi lífeyrissjóðanna. Þeir eru einn af hornsteinum samfélagsins.

## Hvað ef?


Í kjölfar efnahagshrunsins hafa heyrst raddir sem draga mikilvægi sjóðanna í efa auk þess sem komið

hafa fram hugmyndir um breytta skattlagningu iðgjalda og lífeyrisgreiðslna. Stundum er gott að átta sig á hlutunum með því að velta fyrir sér hvernig veröldin væri ef hlutirnir væru öðruvísi en þeir eru. Spyrjum tveggja spurninga.

*Hvað hefði gerst hefðum við ekki átt lífeyrissjóði þegar bankarnir hrundu?*

- Ríkið byggi við þunga greiðslubyrði vegna ellilífeyrisgreiðslna. Fjárhagsvandir ríkissjóðs væri meiri og mun erfiðari viðureignar.
- Sparnaður væri minni og minna til af fjármunum til að fjármagna arðsamar framkvæmdir.
- Engar erlendar eignir lífeyrissjóða væru til sem varasjóður. *Hvað hefði gerst hefðu iðgjaldagreiðslur verið skattlagðar í stað lífeyrisgreiðslna?*
- Ríkið fengi ekki tekjur af lífeyrisgreiðslum en fengi í staðinn tekjur af iðgjaldagreiðslum. Í bili eru iðgjöld í lífeyrissjóði hærri en lífeyrisgreiðslur en eftir fáein ár mun það snúast við.
- Ríkið stæði frammi fyrir miklum vanda í framtíðinni vegna vaxandi fjölda lífeyrisþega þar sem ríkið

## Fjöldi íbúa á vinnualdri á hvern lífeyrisþega



Heimild: Mannfjöldaspár Hagstofu Íslands. Hlutfallið sýnir fjölda íbúa á aldrinum 15 til 64 ára á hvern íbúa 65 ára og eldri.

## » Ef stjórnvöld ákveða að breyta skattlagningu séreignarsparnaðar gæti vantað skatttekjur í framtíðinni fyrir þriðjung lífeyrisþega.

fengi ekki skatta af lífeyrisgreiðslum.

● Ef iðgjöld vegna séreignarsparnaðar væru skattlögð í stað útborgana væri séreignarsparnaður mun minni vegna ótta um að útborganir verði skattlagðar í framtíðinni til að mæta aukinni fjárþörf ríkisins þegar eftirlaunaþegum fjölga.

## Hlutfall séreignar að aukast

Séreignarsparnaður er órjúfanlegur hluti af lífeyriskerfinu. Meirihluti launþega leggur fyrir til

eftirlaunaáranna með viðbótarlífeyrissparnaði í séreignarsjóð. Einnig hafa margar starfsstéttir valið að ráðstafa hluta af samningsbundnum iðgjöldum í lífeyrissjóð í séreign. Hlutfall séreignarsparnaðar var 16% af eignum lífeyriskerfisins í árslok 2008 og hlutfall séreignariðgjalda var um 30%. Miðað við þessar tölur gæti séreignarsparnaður verið um 30% af eignum lífeyriskerfisins eftir 10 til 20 ár.

Ef stjórnvöld ákveða að breyta skattlagningu séreignarsparnaðar gæti því farið svo að það vanti skatttekjur í ríkissjóð fyrir u.þ.b. þriðjung lífeyrisþega í framtíðinni. Það eru slæmar fréttir fyrir unga fólkið okkar, sérstaklega af því að mannfjöldaspár gera ráð fyrir að hlutfall íbúa á vinnualdri á móti hverjum lífeyrisþega lækki úr 5,6 íbúum í 3,1 á næstu 20 árum (sjá mynd).

Lífeyrissjóðirnir hafa líkt og

Mannfjöldaspár gera ráð fyrir að á næstu áratugum verði mun færri íbúar á vinnualdri á bak við hvern lífeyrisþega.

Afar mikilvægt er að þá verði til lífeyrissjóðir til að greiða lífeyri og skatta fyrir lífeyrisþega.

aðrir fjárfestar orðið fyrir tjóni vegna efnahagshrunsins. Þeir eru laskaðir en eru samt sem áður fullfærir um að sinna mikilvægu hlutverki sínu að greiða elli- og áfallalífeyri.

Mikilvægt er að láta ekki tímaþunda erfiðleika villa sýn og grípa til vanhugsaðra aðgerða sem veikja lífeyriskerfið. Ofangreindar spurningar og svör sýna að við værum í mun verri stöðu ef við ættum ekki öflugt lífeyriskerfi sem byggist á sjóðsöfnun til að greiða lífeyri og skatta.

Til að komast úr kreppunni þarf að koma efnahagslífinu af stað og minnka atvinnuleysi. Lífeyrissjóðirnir hafa lýst yfir vilja til að leggja fjármagn í arðsamar atvinnuskapandi framkvæmdir með tryggju sjóðstreymi. Það er mikils virði á erfiðum tímum.

Höfundur er framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins.

